

## Aðalfundur foreldrafélags og foreldraráðs leikskólans Tjarnarskógar

Fundur haldinn á Skógarlandi 29. júní 2020 kl. 20:00.

Kolbjörg Lilja Benediktsdóttir, formaður foreldraráðs, setur fundinn og kynnir erindi Elísu Guðnadóttur, sálfræðings, um svefn leikskólabarna. Erindið var haldið í gegnum fjarfundarbúnað og ríkti almenn ánægja meðal fundarmanna með fræðsluna. Ákveðið er að Sigga Dís leikskólastýra sendi fræðslupakkann á foreldra í kjölfarið. Kolbjörg bendir einnig á heimildir sem hægt er að nýta sér til frekari fróðleiks.

Stefán Bogi Sveinsson kosinn fundarstjóri. Fyrst ber hann upp hvort einhver hafi athugasemdir varðandi boðun fundar, svo er ekki. Björg Eypórsdóttir kosin fundarritari. Dagskrá fundarins borin upp - án athugasemda.

Björg Eypórsdóttir, ritari foreldrafélagsins, leggur fram skýrslu stjórnarinnar.

Elísabet Tómasdóttir, gjaldkeri foreldrafélagsins, leggur fram ársreikning - hann samþykktur samhljóða.

Kolbjörg Lilja Benediktsdóttir, formaður foreldraráðs, leggur fram skýrslu foreldraráðs.

Umræða í kjölfar skýrslu foreldraráðs um fallsand við leiktæki - hann ekki nægur en til stendur að bæta í hann og er það í virku ferli af hálfu stjórnenda leikskólans. Einnig umræður um hvort hægt sé að birta skýrslur úttektar heilbrigðiseftirlitsins - fundarstjóri svarar því svo að líklega sé ekkert því til fyrirstöðu þar sem um opinber gögn er að ræða.

*Kosning í foreldraráð:* Reynir Hólm og Sóley Valdimarsdóttir sitja áfram og Guðrún Helga Elvarsdóttir sem varamaður. Vigdís Diljá Óskarsdóttir kosin sem þriðji aðalmaður í stjórn. Kolbjörg Lilja Benediktsdóttir lýkur sinni setu í stjórn foreldraráðs.

*Kosning í stjórn foreldrafélagsins:* Elísabet Tómasdóttir og Björg Eypórsdóttir sitja áfram í stjórn. Svana Magnúsdóttir, Bríet Magnúsdóttir og Lovísa Hreinsdóttir kosnar nýjar inn og Eyrún Hrefna Helgadóttir og Bryndís Hjálmarsdóttir til vara. Þorgeir Arason, Lilja Kristín Jónsdóttir og Eygló Jóhannesdóttir ljúka stjórnarsetu.

Fundarstjóri þakkar þeim sem ljúka nú stjórnarsetu fyrir vel unnin störf. Fundi slitið kl. 21:34.